

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar — september 2019

Skráð atvinnuleysi var 3,5 % í september

Skráð atvinnuleysi í september mældist 3,5% og breyttist ekki frá ágúst.

Að jafnaði voru 6.563 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í september og fækkaði um 185 frá ágúst. Alls var 2.461 fleiri á atvinnuleysissskrá í september 2019 en í september árið áður.

Alls voru 3.585 karlar að jafnaði atvinnulausir í september og 2.978 konur og var atvinnuleysi 3,4% meðal karla og jókst um 0,1 prósentustig og 3,6% meðal kvenna og minnkaði um 0,1 prósentustig frá ágúst.

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi aukist lítils háttar í október vegna árstíðarsveiflu og verði á bilinu 3,6% til 3,8%.

Í september tók 1.131 einstaklingur þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 570 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði.

Alls fóru 830 einstaklingar af skrá í septembermánuði, þar af fóru 482 í vinnu eða um 58%.

Alls komu inn 100 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá Vinnumálastofnun í september. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða 41 starf. Þá voru auglýst 19 þjónustustörf og 15 afgreiðslustörf.


Í september gaf Vinnumálastofnun út 226 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 94 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 132 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 44 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í september 2019 með samtals 286 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 995 í september á vegum 24 starfsmannaleiga.

Alls voru 2.633 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok september eða um 37% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 7,5% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Skráð atvinnuleysi frá september 2017 til september 2019




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í september og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í september mældist eins og fyrr segir 3,5% og voru að jafnaði 6.563 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 185 á atvinnuleysissskrá frá ágúst. Alls var í september 2.461 fleiri á atvinnuleysissskrá en í september 2018.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í september eða 6,3% og jókst um 0,3 prósentustig milli mánaða. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysið 3,8% og breyttist ekki frá ágúst. Á flestum stöðum breyttist atvinnuleysi lítið. Á landsbygginni sem heild jókst atvinnuleysið um 0,1 prósentustig. Hlutfallslega jókst atvinnuleysið mest á Vestfjörðum eða um 0,3 prósentustig. Atvinnuleysið minnkaði hins vegar í einum landshluta þ.e. á Norðurlandi vestra eða um 0,1 prósentustig.

Alls voru 3.585 karlar að jafnaði atvinnulausir í september og 2.978 konur og var atvinnuleysi 3,4% meðal karla og jókst um 0,1 prósentustig og 3,6% meðal kvenna og minnkaði um 0,1 prósentustig frá ágúst.

Alls voru 787 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok september í ár sem samsvarar um 2,7% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað um 313 frá september 2018 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 474.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 1.389 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok september en voru 905 í septemberlok 2018. Hefur þeim því fjölgað um 484 milli ára. Hlutfall langtíma-atvinnulausra var 19,6% af öllum á atvinnuleysissskrá í september 2019 en um 21% í september árið 2018.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í september 2019 frá september 2018. Mesta fjölgunin var á fjölda atvinnulausra í flutningastarfsemi, í ýmiss konar sérhæfðri þjónustu og mannvirkjagerð. Minnsta fjölgun atvinnulausra var í fræðslustarfsemi, heilbrigðisstarfsemi og fiskvinnslu.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum mest meðal véla- og vélgæslufólks, við ýmis þjónustustörf og skrifstofufólks

**GREIÐSLUSTOFA GREIDDI
1.843 milljónir í september**

Par af voru:

**1.672 milljónir vegna
hefðbundinna
atvinnuleysistrygginga.**

**53 milljónir vegna
barnadagpeninga.**


**118 milljónir vegna tekjutengdra
atvinnuleysistrygginga.**

frá því í september 2018 en minnst í störfum í landbúnaði og í sjávarútvegi.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 2.633 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok september eða um 37% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 7,5% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Þetta er talsverð aukning frá því í september 2018 þegar hlutfall atvinnulausra erlendra ríkisborgara var um 33% allra atvinnulausra eða sem svarar um 4,8% atvinnuleysi.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá komu frá Póllandi eða 1.473, sem er um 56% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok september 2019



Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í október aukist lítils háttar frá september vegna árstíðarsveiflu og verði á bilinu 3,6% til 3,8%.

Þjónusta við atvinnuleitendur


Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 830 einstaklingar af skrá í septembermánuði, þar af fóru 482 í vinnu eða um 58%. Þá voru 179 (22%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok september. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, t.d. voru 34 einstaklingar afskráðir þar sem þeir voru óvinnufærir, 27 einstaklingar fóru í fæðingarorlof, 26 einstaklingar fluttu úr landi og 25 einstaklingar fóru í nám.

Ástæða þess að fólk fór af atvinnuleysisrá í september 2019



Hlutfallslega afskráðust fleiri karlar en konur í september, 51% voru konur en 49% karlar. Um 68%

afskráðra eða 566 einstaklingar höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf tveimur árum og 20% (165) í 6 til 12 mánuði. Um 12% afskráðra (99) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár.

Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára eða 37% og um 31% var 30-39 ára. Í aldurshópnum 40-49 ára voru 17% afskráðra en fæstir í aldurshópnum 50 ára eða eldri eða 15%.

Auglýst störf í vinnumiðlun í september

Alls komu inn 100 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í september. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða 41 starf. Þá voru auglýst 19 þjónustustörf og 15 afgangslustörf. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 84%. Annað er átaksverkefni eða reynsluráðning. Flest starfanna eða 24% eru á Suðurlandi, 21% á höfuðborgarsvæðinu og 15% á Suðurnesjum. Þá eru 40% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	8	8%
Þjónustustörf	19	19%
Afgreiðslustörf	15	15%
Iðnaðarmenn	4	4%
Verkafólk í þjónustu	41	41%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	13	13%
Samtals	100	100%


Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara þá af skrá tímabundið á meðan á úrræðinu stendur.

Í september tók 1.131 einstaklingur þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 570 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrágerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 207 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar

um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en einnig fóru einhverjir á önnur starfstengd námskeið. Þá voru 103 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 25 einstaklingar voru í endurhæfingarúrræði.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í september 2019




Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmynda með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í september vann 21 einstaklingur að slíkri hugmynd. Þá voru 115 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsjó með. Í september voru gefin út 76 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 44 einstaklingar, níu fóru til Spánar og fjórir til Danmerkur. Þá voru gefin út 19 vottorð til viðbótar til 13 annarra ríkja. Í september komu fjórir einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slík vottorð frá öðrum EES-ríkjum.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, september 2019



■ Pólland ■ Spánn ■ Danmörk ■ Tékkland ■ Annað

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í september voru gefin út 117 U1 vottorð. Líkt og oftast áður voru flest vottorð gefin út til Póllands (26), 22 vottorð voru gefin út til Spánar og 19 til Tékklands. Þau sem eftir standa, eða 50 vottorð, voru gefin út til 14 annarra ríkja.


Útlendingar

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í september gaf Vinnumálastofnun út 226 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 94 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 132 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í september 2019



■ Sérfræðileyfi ■ Skortur á vinnuafli
 ■ Íþróttafólk ■ Sérstakar ástæður
 ■ Fjölskyldusameining ■ Námsmaður
 ■ Þjónustusamningur

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í september, hvort sem var nýtt eða framlengt fengu sérfræðileyfi, eða 53 leyfi. Þá voru gefin út 46 námsmannaleyfi og 43 þjónustusamningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í september voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 35%. Um 26% vegna starfa sérhæfðs iðnverkafélags og 18% vegna þjónustustarfa. Um 21% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

**ÁBYRGÐASJÓÐUR
LAUNA GREIDDI
77 launamönnum
vangoldin laun vegna gjaldþrota
17 fyrirtækja í september**

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 44 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í september 2019 með samtals 286 starfsmenn. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 995 í

september á vegum 24 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 56%, 24% voru frá Litháen og 10% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 10% starfsmanna komu frá 10 öðrum ríkjum.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar í [excelskjölum](#) og á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar.



Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra